

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/121/EB

2010/EES/50/25

frá 14. september 2009

um breytingu á I. og V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB um textílheiti í því skyni að laga þá að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB frá 14. janúar 2009 um textílheiti⁽¹⁾, einkum l. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2008/121/EB eru settar reglur um merkingu á vörum, með tilliti til innihalds textíltrefja í þeim, sem eiga að tryggja að hagsmunir neytenda séu varðir. Óheimilt er að setja textílvörur á markað í Bandalaginu nema þær uppfylli ákvæði þeirrar tilskipunar.
- 2) Í ljósi nýlegra niðurstaðna frá tæknilegum vinnuhópi er nauðsynlegt að bæta trefjunni melamín við skrána yfir trefjar í I. og V. viðauka við tilskipun 2008/121/EB í því skyni að laga hana að tækniframförum.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 2008/121/EB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tilskipanir um textílheiti og merkingar textílværa.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun 2008/121/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 48. lína bætist við í I. viðauka:

„48	Melamín	Trefjar myndaðar úr a.m.k. 85%, miðað við massa, vixtengdum stórsameindum sem gerðar eru úr melamínafleiðum“.
-----	---------	---

2. Eftirfarandi 48. færsla bætist við í V. viðauka:

„48	Melamín	7,00“.
-----	---------	--------

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. september 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. september 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter Verheugen

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 242, 15.9.2009, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 19, 23.1.2009, bls. 29.